



Listahátíð í Reykjavík

Barbara Hannigan

Sinfóníuhljómsveit Íslands



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

→ Eldborg
3. & 4. júní

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka:

The Unanswered Question 6'

Verklärte Nacht 30'

Svíta úr óperunni Lulu 34'

Girl Crazy, svíta (úts. Barbara Hannigan og Bill Elliott) 13'

Tónleikarnir eru hljóðritaðir og verður útvarpað á Rás 1 á hvítasunnudag, 5. júní kl. 16.05.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Barbara Hannigan áritar hljómplötur á eftir tónleika á 2. hæð fyrir framan Eldborg.



Stjórnarráð Íslands
Menningar- og viðskiptaráðuneytið



Reykjavíkurborg

Samstarfsaðili

Icelandair Hotels

Bakhjarl í flutningum

TVG-ZIMSEN

Stoltur bakhjarl



KVÍKA
Eignastýring

03|06

FÖSTUDAGUR
KL. 19:30

04|06

LAUGARDAGUR
KL. 17:00

Barbara Hannigan á Listahátíð í Reykjavík

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Barbara Hannigan

hljómsveitarstjóri og einsöngvari

Efnisskrá

Charles Ives

Unanswered Question (1906, útg. 1941)

Arnold Schönberg

Verklärte Nacht

(Uppljómuð nótt), op. 4 (1899, úts. 1943)

Hlé

Alban Berg

Svíta úr óperunni Lulu (1934)

Rondo

Ostinato

Söngur Luluar

Tilbrigði

Adagio

George Gershwin

Girl Crazy, svíta

(úts. Barbara Hannigan og Bill Elliott) (2017)

Söngtextar á bls. 11

For information in English about tonight's programme, please visit the Icelandic Symphony Orchestra's website:
en.sinfonia.is



Barbara Hannigan

HLJÓMSVEITARSTJÓRI OG EINSÖNGVARI

Kanadíska sópransöngkonan og hljómsveitarstjórinn Barbara Hannigan hefur vakið feikilega aðdáun um heim allan undanfarin ár fyrir stórfenglegan söng og hrifandi hljómsveitarstjórn en einnig framsækni og listfengi í verkefnavali. Hún hefur starfað með öllum helstu hljómsveitum heims og kemur reglulega fram með listamönnum á borð við Sir Simon Rattle, Sasha Waltz, Kent Nagano, Vladimir Jurowski og John Zorn. Hún er einstaklega ötull sendiboði nýrrar tónlistar, bæði sem söngkona og hljómsveitarstjóri, hefur frumflutt yfir 85 ný tónverk og starfað náið með tónskáldum á borð við Pierre Boulez, Henri Dutilleux, György Ligeti, Karlheinz Stockhausen, Brett Dean, George Benjamin og Hans Abrahamsen.

Barbara Hannigan hefur sungið í helstu óperuhúsum heims. Meðal nýlegra sgra hennar á óperusviðinu er hið krefjandi titilhlutverk í *Lulu* eftir Alban Berg í uppsetningum í La Monnaie í Brussel og Staatsoper í Hamborg, hlutverk Mélisande í *Pelléas og Mélisande* eftir Claude Debussy á Aix-en-Provence-hátíðinni 2016 og aftur 2017 í uppsetningu Krszysztof Warlikowskis á Ruhr-þríæringnum, auk hlutverks Maríu í óperu Bernd Aloys Zimmermann, Hermonnnum eða *Die Soldaten*, í Bayerische Staatsoper en fyrir þann flutning hlaut hún hin þýsku Faust-verðlaun.

Barbara Hannigan hefur mætt áskorunum heimsfaraldursins af miklum sköpunarkrafti, til að mynda með kvikmyndaðri uppsetningu á Mannsröddinni, *La Voix Humaine*, óperu Francis Poulenc fyrir sópran og hljómsveit, þar sem Hannigan bæði syngur og stjórnar. Uppsetningin var unnin með vídeólistamanninum Denis Guéguin og var hluti af starfi Hannigan sem staðarlistamanns hjá Fílharmóníusveit franska útvarpsins. Þá hefur Hannigan þrátt fyrir takmarkanir á tónleikahaldi náð að koma fram með Sinfóníuhljóm-sveit Lundúna (LSO), Dönsku útvarpshljóm-sveitinni, Sinfóníuhljóm-sveit Gautaborgar (þar sem hún gegnir stöðu aðalgestastjórnanda) og Fílharmóníusveitinni í München svo eitthvað sé nefnt.

Barbara Hannigan hefur hlotið ótal verðlaun fyrir list sína, meðal annars Grammy-verðlaun fyrir plötuna *Crazy Girl Crazy* árið 2018, en það var fyrsta hljóðritunin sem hún gaf út sem bæði söngvari og hljómsveitarstjóri, og hin virtu Léonie Sonning-verðlaun árið 2020. Þegar Rolf Schock-verðlaunin féllu henni í skaut 2018 rökstuddi dómnefndin ákvörðun sína með þeim orðum að Hannigan væri „einstakur og framsækinn flytjandi sem nálgast tónlistina sem hún flytur með öflugum og lifandi hætti.“



Charles Ives

THE UNANSWERED QUESTION

Segja má að tónskáldið Charles Ives (1874-1954) hafi lifað tvöföldu lífi. Framan af vissu að minnsta kosti ekki margir úr hópi starfsmanna og viðskiptavina tryggingafyrirtækisins *Ives & Myrick* af hinum stórkostlega frumlegu tónsmíðahugmyndum sem bærðust innra með forstjóra fyrirtækisins. Í trygginga-bransanum var Ives helst þekktur fyrir annars konar verk – til að mynda öndvegisritið *Liftryggingar* og samband þeirra við erfðaskatt, sem út kom 1918.

Tónlistaráhugi Ives átti sér þó djúpar rætur. Faðir hans var tónlistarkennari og lúðrasveitarstjóri í smábæ í Connecticut-ríki og sjálfur vann hann sem kirkjuorganisti í heimabæ sínum frá 12 ára aldri. Mörg verka hans fela í sér úrvinnslu á bandarískum tónlistararfi og þeim áhrifum sem tónlist Nýja-Englands hafði á hann í æsku. Þar bregður fyrir dægurlögum, sálum, hlöðudönsum, og lúðrasveitalögum en tók Ives á efniviðnum voru annars eðlis en áður höfðu þekkt. Hann var áratugum á undan samtímamönnum sínum í kerfisbundinni notkun á tilraunakenndum tónsmíðaaðferðum: Klippi- og slembiaðferðum, notkun kvarttóna og hljómaklasa, og því að láta ólíkar takt- og tóntegundir hljóma á sama tíma.

Verkið *The Unanswered Question* er æskuverk, samið í júlí 1906, en geymt í skúffu tónskáldsins fram á miðjan fjórða áratuginn. Þá tók Ives það upp á ný og fullkláraði og enn síðar bættist við formáli þar sem fram kemur að verkið fjalli um „hina eilífu tilvistarspurningu“ mannkyns. Tónlistin í verkinu á sér stað í þremur aðgreindum lögum. Strengirnir leika ofurhljótt og stillt og eiga þeir að tákna „þögn drúidanna sem vita, sjá og heyra ekkert“. Trompetið setur fram spurningu í þýðu en dálítið annarlegu fimm tóna stefi. Flauturnar leika svo að sögn Ives hlutverk mannkynsins í leit að svörum, þær enduróma tóna trompetsins fyrst hægt og stillilega, en svo með vaxandi ákefð og óreiðukenndu ergelsi, jafnvel háði yfir fánýti spurnarinnar. Á meðan fær ekkert hagg að strengjahljóminum sem líður áfram uns hann hverfur inn í þögnina.



Arnold Schönberg

VERKLÄRTE NACHT (UPPLJÓMUÐ NÓTT)

Hinn mikli hörgabrjótur og forvígismaður módernismans í vestrænni tónlist, Arnold Schönberg (1874-1951), fann oft fyrir því á löngum ferli að almennir áheyrendur fylgdu honum ekki að málum. Eftir því sem árin liðu lét hann sér þetta í léttu rúmi liggja, að minnsta kosti ef marka má ummæli hans til vina og kunningja. „Ég hef verið beðinn um að segja eitthvað um áheyrendur mína,“ skrifar hann á einum stað. „Ég verð að viðurkenna að ég held ég eigi mér enga.“ Það var svo sem ekki við öðru að búast en að vanafastir tónleikagestir firrtust við þegar grunnstoðir vestrænnar tónlistar, tóntegundakerfið, riðuðu til falls – eða umbreyttust, svo notað sér orð sem tengist verki kvöldsins – í hið svokallaða 12-tóna kerfi þar sem sérhverjum tóni krómátíska tónstigans er gert jafnhátt undir höfði. En þegar með tónaljóðinu Verklärte Nacht (1899), sem samið var talsverðu áður en þessi umskipti áttu sér stað og einkennist öðru fremur af siðrómantískri mýkt og tjáningu tókst Schönberg að valda hneykslun bæði áheyrenda og annarra tónskálda - jafnt fyrir tónlistina og hispurslaus efnistökin.

Arnold Schönberg ólst upp á menningarheimili og kynntist tónlist ungu að árum, en var að mestu sjálfmenntaður frá 15 ára aldri. Þá hafði sviplegt andlát föður hans orðið til þess að hann varð að hætta skólagöngu og taka að sér starf í banka til að framfleyta fjölskyldunni. Forvitni hans og áhugi á tónlist var þó óslökkvandi og í gegnum áhugamannafélag um tónlist kynntist hann virtu tónskáldi í Vínarborg, Alexander von Zemlinsky, sem var aðeins þremur árum eldri en Schönberg en varð eini eiginlegi tónsmíðakennari hans um ævina. Það var Zemlinsky sem kynnti Schönberg fyrir tónlist Richards Wagners og Richards Strauss, sem þegar höfðu látið reyna ærlega á þanþól tóntegundakerfisins í verkum sínum. Áður hafði Jóhannes Brahms verið helsta fyrirmynd hins unga Schönbergs. Áhrif allra þessara tónskálda er að finna í Verklärte Nacht: Það býr yfir merkingarþrungnum leiðarstefjum og ævintýragjörnum hljómfærlum í anda Wagners og Strauss en fíngerður samspilsvefnaðurinn heldur tryggð við handbragð Brahms.

Verklärte Nacht byggir á samnefndu ljóði þýska skáldsins Richards Dehmel (1863-1920) og er upphaflega samið fyrir strengjasextett, en útsett fyrir strengjasveit 1917 og endurbætt 1943. Ljóð Dehmels segir af elskendum á skógargöngu

að næturlagi. Stúlkan játar fyrir piltinum að hún beri barn undir belti sem getið hafi verið áður en hún kynntist honum. Hún hafi látið til leiðast af þrá eftir því að verða móðir en sé nú full örvæntingar og eftirsjár. Pilturinn huggar hana, bendir henni á hvernig himingeimurinn baðar þau ljóma sínum og fullvissar hana um að ást þeirra muni umbreyta hinu ófædda lífi og gera að barni þeirra beggja. Nóttin er uppljómuð og þau ganga áfram inn í tunglskinið. Umskiptin endurspeglast í tónlistinni, þar sem drungalegur hljómur upphafstaktanna er nú orðinn að skínandi björtum dúr.

Umbreytingarafl ástarinnar kann að hafa verið Schönberg sérstaklega hugstætt á þessum tíma þar sem hann hafði sjálfur nýlega orðið ástfanginn af Mathilde, systur Alexanders von Zemlinskys, og áttu þau eftir að ganga í hjónaband. Í öllu falli lét innblásturinn ekki á sér standa, hann samdi verkið í upphaflegri gerð fyrir strengjasextett á aðeins þremur vikum. Sem áður sagði olli hin frjálslýnda afstaða til kynferðismála í efnistöfum ljóðsins djúpri hneykslun í hinni íhaldssömu Víðarborg, en skáldið Dehmel var í þrígang dreginn fyrir dóm vegna kláms og guðlasts. Tónlistin sjálf þótti þó ekki síður hneykslanleg, seiðandi munúðarfull og nánast óviðurkvæmilega torskilin í senn. Hvorugt virðist angra tónleikagesti samtímans, enda er Verklärte Nacht langvinsælasta verk Schönbergs í tónleikasölum heimsins og gætir áhrifa þess víða – bæði í heimi klassíkur og framsækinnar popptónlistar.



Alban Berg

SVÍTA ÚR ÓPERUNNI LULU

Alban Berg (1885-1935) tileinkaði sér að fullu hina nýju tónsmíðaaðferð lærimeistara síns Arnolds Schönbergs, tólfátóna-aðferðina, en umgekkst hana þó ævinlega af ákveðnu frelsi. Hann leyfði tónlistinni gjarnan að enduróma ljóðrænu og rómantík liðins tíma innan ramma hins nýja tónskipulags. Í höndum Bergs öðlaðist tónlist samin með hinni hreinu og vitsmunalegu tólfátóna-aðferð skyndilega hlýju og tilfinningalegan áhrifamátt – eins og heyra má glögg í óperunni *Lulu*.

Óperan *Lulu* byggir á tveimur leikritum eftir þýska leikritaskáldið Frank Wedekind, *Anda jarðar* frá 1895 og *Pandóruöskjunni* frá 1905. Hreyfiafl leikritanna er hin dularfulla söguhetja *Lulu*, en segja má að hún sé skapandi eyðileggingarmáttur ástarinnar holdi klæddur. *Lulu* er í senn hrífandi þokkagyðja og siðlaust tálkvendi, kaldrifjaður morðingi og fórnarlamb aðstæðna. Í óperunni fylgjumst við með henni klífa þjóðfélagsstigann með því að draga á talar menn sem svo ýmist stytta sér aldur eða falla fyrir hendi hennar. Gæfa hennar sjálfrar reynist þó einnig fallvölt og endar hún ævidaga sína sem vændiskona í Lundúnum, rist á hol af frægum morðingja, sjálfum Kobba kviðristu, Jack the Ripper. Hið samhverfa ris og hnig aðalpersónunnar hefur án efa verið eitt af því sem vakti áhuga Albans Bergs á söguefninu, en samhverfan er ráðandi einkenni á jafnt leikrænni framvindu og tónlistarlegri byggingu verksins.

Berg hófst handa við að semja *Lulu* eftir að fyrri ópera hans, *Wozzeck*, hafði slegið í gegn og framtíðin virtist björt. Hann skrifaði líbrettóið 1928 og tónsmíðunum átti hann eftir að sinna með hléum nánast til dauðadags, en hann lagði verkið að lokum til hliðar til þess að skrifa fiðlukonsertinn sinn árið 1935. Á þeim langa tíma sem Berg vann að *Lulu* umbreyttist menningar-ástandið bæði í Vínarborg og Berlín: Gyðingaandúð fór vaxandi og smám saman varð hugmyndafræði nasismans allsráðandi. Tónlist Vínarskólans síðari – þeirra Schönbergs, Bergs og Antons Webers (1883-1945) – var úthrópuð sem úrkynjuð list. Að lokum varð Berg ljóst að *Lulu* gæti ekki hlotið glæsilega frumsýningu í Berlín líkt og *Wozzeck*. Hann útbjóst því konsertsvítu í fimm þáttum fyrir sópran og hljómsveit upp úr efni hennar – ef vera kynni að óperan í heild fengi aldrei að rata á svið. Svítan var frumflutt í Staatsoper í Berlín 30. nóvember 1934 við talsverða hrifningu áheyrenda en fordæming yfirvalda lét ekki á sér standa.

Fyrsti þáttur svítunnar er rondó sem tengist hreinni og fölskvalausri ást hins unga og reynslulausa tónskálds Alwa á Lulu í fyrsta þætti óperunnar. Í öðrum þætti svítunnar hljómar tónlistin úr miðpunkti óperunnar. Samkvæmt sviðsleiðbeiningum fylgir hún þögullri kvikmynd sem sýnir leiftur af nýlegum atburðum úr lífi Lular: handtöku, réttarhöld, fangelsun og flóttu. Í miðjum klíðum snýst allt bókstaflega við – kvikmyndin spólar til baka og tónlistin spilast aftur á bak – seinni hluti þáttarins er spegilmynd af hinum fyrri. Í þriðja þætti hefur Lulu svo upp raust sína í hrífandi og tjáningarríkri sjálfslýsingu sem krefst fádæma tækni og listfengi af hendi söngkonunnar. Fjórði þáttur er í formi tilbrigða sem færa söguviðið smám saman úr glæsilegum salarkynnum Parísar yfir í lágkúru götulífsins í Lundúnum. Síðasti þátturinn er magnþrungið svar við harmrænum dauða Lular. Geschwitz greifynja, ástkona Lular og tryggasti aðdáandi hennar, hefur fórnað lífi sínu til að reyna að bjarga henni og fallið fyrir kuta Kobba kviðristu. Lokasöngur hennar er örstutt en einlæg bæn um endurfundi handan dauðans.



George Gershwin

GIRL CRAZY, SVÍTA (ÚTS. BARBARA HANNIGAN OG BILL ELLIOTT)

Tónlist Vínarskólans síðari er sennilega ekki það fyrsta sem kemur upp í hugann þegar nafn bandaríska tónskáldsins George Gershwin (1898-1937) ber á góma. Ímynd þessa höfuðtónskáld Bandaríkjanna á þriðja og fjórða áratug tuttugustu aldar er sennilega ögn alþýðlegri, enda samdi Gershwin ódauðleg dægurlög og söngleiki til jafns við einleikskonserta, tónaljód og óperur. Við fyrstu sýn eiga strangar tólfónaraðir austurrískra módernista lítið skylt við jazzkenndar, söngrænar laglínur Gershwins, sem öðrum fremur tókst að bræða saman heima bandarískrar dægurtónlistar og klassísku hefðarinnar.

Tengingin er þó ekki úr lausu lofti gripin. George Gershwin var til að mynda mikill aðdáandi Albans Bergs og var hrifningin gagnkvæm. Gershwin greip þannig tækifærið til að hitta Berg þegar hann dvaldi í Vínarborg vorið 1928. Til minningar um þann fund mun Berg hafa gefið Gershwin áritaða ljósmynd af sér sem Gershwin hengdi síðar uppi á vegg á heimili sínu – við hliðina á mynd af hnefaleikamanninum Jack Dempsey. Raunar átti Gershwin líka eftir að kynnast Arnold Schönberg eftir flóttu þess síðarnefnda til Bandaríkjanna og leika við hann tennis, en það er önnur saga.

Stefnumótið í Vínarborg átti sér stað ári áður en Berg tók að semja tónlistina við Lulu og tveimur árum áður en gamansamur söngleikur Gershwins, *Girl Crazy* (1930), var frumsýndur á Broadway. Ef grannt er hlustað má finna jazzkennda þræði í Lulu – til að mynda gerir hljómsveitarlistinn ráð fyrir saxófónleikara. En skyldi Gershwin hafa orðið fyrir áhrifum frá Alban Berg? Það var einmitt það sem Barbara Hannigan vildi kanna þegar hún fékk hugmyndina að *Girl Crazy*-svítunni, en í henni hljómar tónlist úr söngleik Gershwins í útsetningu í anda Vínarskólans síðari, rétt eins og ef þeir Gershwin og Berg hefðu tekið höndum saman við hljómsveitarskrifin.

Verkið er samið með það í huga að vera flutt samhliða *Svítu úr óperunni Lulu* og ef marka má Barböru Hannigan má finna tengingar milli verkanna víðar en bara í tónlistinni sjálfri. Persónur á borð við hina stórbrotnu Lulu eru að hennar mati ódauðlegar og vel færar um að skjóta upp kollinum í verkum ýmissa tónskálda – jafnvel eftir að hafa verið myrtar. Þegar hlustað er á hina ómóttstæðilegu ástarsöngva Gershwins má þannig vel ímynda sér að þær Lulu og Geschwitz greifynja hafi byrjað nýtt líf í söngleik vestan Atlantsála og syngi þar um ástina á ný.

Halla Oddný Magnúsdóttir

SÖNGTEXTAR

Symphonische Stücke aus der Oper Lulu

Lied der Lulu

Lulu:

Wenn sich die Menschen um meinetwillen umgebracht haben, so setzt das meinen Wert nicht herab. Du hast so gut gewusst, weswegen du mich zur Frau nahmst, wie ich gewusst habe, weswegen ich dich zum Mann nahm. Du hattest deine besten Freunde mit mir betrogen, du konntest nicht gut auch noch dich selber mit mir betrügen. Wenn du mir deinen Lebensabend zum Opfer bringst, so hast du meine ganze Jugend dafür gehabt. Ich habe nie in der Welt etwas anderes scheinen wollen, als wofür man mich genommen hat. Und man hat mich nie in der Welt für etwas anderes genommen, als was ich bin.

Adagio

Gräfin Geschwitz:

Lulu! Mein Engel! Lass dich noch einmal sehen! Ich bin dir nah! Bleibe dir nah, in Ewigkeit.

Frank Wedekind

Girl Crazy Suite

But Not for Me

They're writing songs of love,
But not for me.
A lucky star's above,
But not for me.

With Love to Lead the Way,
I've found more Skies of Grey
Than any Russian play
Could guarantee.

I was a fool to fall
And Get That Way.
Heigh-ho! Alas! and al-
So, Lackaday.

Although I can't dismiss
The mem'ry of his kiss —
I guess he's not for me.

It all began so well,
But what an end!
This is the time a Fell-
Er needs a Friend:

The climax of the plot
Should be the marriage knot —
But there's no knot for me.

Svíta úr óperunni Lulu

Söngur Luluar

Lulu:

Ef einhverjir hafa tekið sitt eigið líf mín vegna, þá gerir það mig ekki minna virði. Þú vissir hvers vegna þú tókst þér mig sem eiginkonu jafn vel og ég vissi hvers vegna ég tók mér þig sem eiginmann. Þú sveikst beztu vini þína með mér, þú gast ekki með góðu móti svikið sjálfan þig með mér. Þegar þú fórnar mér ævikvöldinu, þá hefur þú í staðinn fengið alla æsku mína. Ég hef aldrei viljað líta öðruvísi út í þessari veröld en öðrum hefur fundizt ég vera. Og í þessari veröld hefur engum nokkur tíma fundizt ég vera eitthvað annað en það sem ég er.

Adagio

Geschwitz greifafnú:

Lulu! Engillinn minn. Láttu sjá þig enn einu sinni! Ég er nálægt þér! Verð nálægt þér, að eilífu.

Girl Crazy, svíta

En ekki fyrir mig

Þeir eru að yrkja ástarsöngva,
en ekki fyrir mig.
Hamingjustjarna skín á himni,
en ekki fyrir mig.

Með Ástina til að vegvísi
hef ég fundið fleiri gráföla himna
en treysta má að komi fyrir í nokkru
rússnesku leikriti.

Ég var bjáni að falla
og verða sisvona.
Hei-hó! Ó vei! og líka:
því miður.

Þótt ég geti ekki bægt frá mér
minningunni um kossinn hans —
býst ég við hann sé ekki handa mér.

Það byrjaði allt svo vel,
en hvílíkur endir!
Þetta er tíminn þegar náungi
þarf á vini að halda:

Hápunktur söguþráðarinnar
ætti að vera hjónabandsnúturinn —
en það er enginn hnútur fyrir mig.

Embraceable You

Dozens of men would storm up,
I had to lock my door.
Somehow I couldn't warm up
To one, before.
What was it that controlled me?
What kept my love life lean?
My intuition told me
You'd come on the scene.
Mister, listen to the rhythm of my heartbeat,
And you'll get just what I mean.

Embrace me,
My sweet embraceable you.
Embrace me,
You irreplaceable you.

Just one look at you — my heart grew tipsy in me;
You and you alone bring out the gypsy in me.

I love all
The many charms about you.
Above all,
I want my arms about you.
Don't be a naughty baby,
Come to mama — come to mama — do!
My sweet embraceable you.

Embrace me,
My sweet embraceable you.
Embrace me,
You irreplaceable you.

In your arms I find love so delectable, dear.
I'm afraid it isn't quite respectable, dear.

But hang it,
Come on, let's glorify love!
Ding dang it!
You'll shout 'Encore!' if I love!
Don't be a naughty baby,
Come to mama — come to mama — do!
My sweet embraceable you.

I Got Rhythm

I got rhythm ,
I got music ,
I got my man —
Who could ask for anything more?

I got daisies
In green pastures,
I got my man —
Who could ask for anything more?

Old Man Trouble,
I don't mind him —
You won't find him
'Round my door.

I got starlight,
I got sweet dreams,
I got my man —
Who could ask for anything more —
Who could ask for anything more?

Ira Gershwin

Faðmanlegi þú

Menn komu þjótandi í tylftum talið,
ég varð að læsa dyrunum.
Einhverveginn tókst mér ekki
að verða hrifin af neinum fyrr.
Hvað var það sem stjórnaði mér?
Hvað hélt ástarlífi mínu snauðu?
Innsæi mitt sagði mér
að þú værir kominn á vettvang.
Góði minn, hlustaðu á hrynjandi hjartsláttar míns,
og þá skilurðu hvað ég meina.

Faðmaðu mig,
minn ljúfi faðmanlegi þú.
Faðmaðu mig,
þú óviðjafnanlegi þú.

Ef ég horfi á þig andtak verður hjarta mitt ölvað;
þú og þú einn getur vakið sígaunann í mér.

Ég elska alla
þína mörgu góðu eiginleika.
Fyrst og fremst
vil ég vefja þig örmum.
Vertu ekki óþekktarangi,
Komdu til mömmu — komdu!
Minn ljúfi faðmanlegi þú.

Faðmaðu mig,
minn ljúfi faðmanlegi þú.
Faðmaðu mig,
þú óviðjafnanlegi þú.

Í örmum þínum finnst mér ástin svo unaðisleg,
að ég óttast að hún sé ekki alveg sómasamleg.

En hvað með það,
drífum okkur, vegaðum ástina!
Skellum okkur í það!
Þú munt syngja „Aftur!“ ef ég elska!
Vertu ekki óþekktarangi,
Komdu til mömmu — komdu!
Minn ljúfi faðmanlegi þú.

Ég á taktinn í blóðinu

Ég á taktinn í blóðinu,
ég á tónlist í hjarta,
ég á manninn minn —
hver getur óskað sér nokkurs meira?

Ég á freyjubrár
á grænum engjum,
ég á manninn minn —
hver getur óskað sér nokkurs meira?

Karlskröggurinn kröggur,
ég kæri mig lítið um hann —
þú finnur hann ekki
við mínar dyr.

Ég á stjörnuskin,
ég á sæludrauma,
ég á manninn minn —
hver getur óskað sér nokkurs meira —
hver getur óskað sér nokkurs meira?

Íslenskar þýðingar: Reynir Axelsson

Á DÖFINNI

10|06

FÖSTUDAGUR

KL. 19:30



Marianna spilar Grieg

Píanókonsert Griegs er einn vinsælasti konsert rómantíska skeiðsins, enda hrífandi blanda af glæsilegum tilprifum einleikarans, djúpri tjáningu og léttum blæ norskra þjóðlaga. Armensk-danski píanóleikarinn Marianna Shirinyan hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir innblásinn leik, meðal annars verðlaun danskra gagnrýnenda og sérstök menningarverðlaun DR, danska útvarpsins. Hún hefur um árabil setið í dómnefnd Grieg-keppninnar í Bergen auk þess sem hún er prófessor í píanóleik við Tónlistarháskólann í Ósló, og veit því upp á hárf hvernig á að túlka tónlist norska meistarans. Á tónleikunum hljómar einnig íslensk leikhús- og balletttónlist eftir tvö leiðandi íslensk tónskáld 20. aldar, Pál Ísólffsson og Jórinni Viðar.

Nýtt og spennandi starfsár handan við hornið

Dagskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands veturinn 2022-23 verður kynnt innan skamms, en hún er bæði fjölbreytt og spennandi. Upphafstónleikar nýs starfsárs þann 8. september gefa tóninn fyrir það sem á eftir kemur, en þar leikur hinn heimsþekkti píanóleikari Daniil Trifonov fjórða píanókonsert Beethovens með Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Evu Ollikainen, aðalhljómsveitarstjóra SÍ, sem einnig stjórnar Egmont-forleik Beethovens, Íslandsfrumflutningi á nýju verki Önnu Þorvaldsdóttur, ARCHORA, og sjöundu sinfóníu Sibelíusar. Trifonov fylgir svo konsertinum eftir með einleikstónleikum í Eldborg laugardagskvöldið 10. september. Það er því óhætt að leyfa sér að byrja að hlakka til.



Skemmtilegir kokteilar, frábær matur
www.slippbarinn.is



Himnesk matarupplifun
www.konsulatdiningroom.is



Notalegt, ferskt og fallett
www.satt.is



Fáguð matargerðarlist
www.vox.is



Litríkur, fjörugur og sérvitur
www.geirismart.is



Heil símfónía fyrir sælkera

Fullkomnaðu stemninguna með frábærri máltíð eða hressandi drykk á úrvals veitingastað.

V O X
RESTAURANT

GEIRI
SMART
RESTAURANT

satt

KONSÚLAT
DINING ROOM

SLIPPBARINN

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Vera Panitch
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Laura Liu
Pálína Árnadóttir
Lin Wei
Bryndís Pálsdóttir
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Andrzej Kleina
Olga Björk Ólafsdóttir
Laufeig Sigurðardóttir

2. fiðla

Páll Palomares
Raphaëlle Moreau
Rannveig Marta Sarc
Greta Guðnadóttir
Brian Hong
Ólöf Þorvarðsdóttir
Kristján Matthíasson
Margrét Þorsteinsdóttir
Þórdís Stross
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Hlín Erlendsdóttir

Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Łucja Koczot
Guðrún Hrund Harðardóttir
Sarah Buckley
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison
Margrét Hjaltsted
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Margrét Árnadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Þórdís Gerður Jónsdóttir
Guðný Jónasdóttir

Bassi

Xun Yang
Jacek Karwan
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Hávarður Tryggvason

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Sólveig Magnúsdóttir
Hafdís Vígfúsdóttir

Óbó

Julia Hantschel
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

Klarínnett

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Baldvin Ingvar Tryggvason
Rúnar Óskarsson

Saxófónn

Sigurður Flosason

Fagott

Louisa Slosar
Bryndís Þórsdóttir
Brjánn Ingason

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjørn Ibsen Bruun
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Simen Fegran

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Carlos Caro Aguilera

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Nimrod Ron

Harpa

Katie Buckley

Píanó / Celesta

Helga Bryndís Magnúsdóttir

Pákur

Eggert Pálson

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Helgi Þorleiksson

Eva Ollikainen *aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi*
Bertrand de Billy *aðalgestastjórnandi*
Kornilios Michailidis *staðarhljómsveitarstjóri*
Daníel Bjarnason *listamaður í samstarfi*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*
Víkíngur Heiðar Ólafsson *staðarlistamaður*

Framkvæmda- og skrifstofuteymi

Lára Sóley Jóhannsdóttir *framkvæmdastjóri*
Halla Oddný Magnúsdóttir *listrænn ráðgjafi*
Valdís Þorkelsdóttir *viðburða- og skipulagsstjóri*
Jökull Torfason *verkefnastjóri viðburða*

Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Inga María Leifsdóttir *markaðs- og kynningarfulltrúi*
Dagrún Hálfðánardóttir *mannauðsstjóri*
Svanhvit Hrólfsdóttir *fjármálastjóri*
Kristín Björg Björnsdóttir *skjala- og skrifstofufulltrúi*
Kristbjörg Clausen *nótnavörður*
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*
Hrafnhildur Árnadóttir *Hafstað umsjónarmaður nótna*
Sigþór J. Guðmundsson *verkefnastjóri sviðs- og tækni mála*
Björk Björgúlfsdóttir *sviðsmaður*

*Kvika eignastýring veitir allhliða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVÍKA

Eignastýring